

Námskrá: Íslenska 10. bekkur

Hér koma fram áherslur í íslensku með hliðsjón af grunnþáttum menntunar og lykilhæfni.

Sú bekkjarskrá sem hér lítur dagsins ljós er grundvölluð á aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum hennar 2013. Aðalnámskráin byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).

Hlutverk íslenskukennslunnar er víðtækt og margbrotið. Læsi hefur margþætta merkingu og miðar íslenskukennsla að því að gera nemendur læsa á umhverfi sitt í heild hvort sem um ræðir fjölbreytta texta, myndræna uppsetningu, tákn eða stafrænt læsi. Nemendur bæta smátt og smátt við þessa færni sína auk þess sem þeir læra að nota tungumálið á margvíslegan hátt og öðlast færni í að tjá sig í ræðu og riti með tilliti til gagnrýnnar hugsunar. Íslenska er ein af grunnstoðum þess að nemendur nái góðum tókum á öðrum námsgreinum og hefur því sérstakt gildi innan skólans. Samþætting og námið í heild sinni leiðir til þess að gera nemendur að betri málnotendum og gerir þeim kleift að tjá sig um hin ýmsu mál á mismunandi hátt og vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Að nemendur öðlist færni í að afla sér þekkingar er að sama skapi eitt af meginmarkmiðum íslenskunnar samhliða því að hafa kost á að nýta sér lestur til ánægju.

Grunnþættir menntunar eru sex: Læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Hæfniviðmið íslensku skiptast í fjóra meginflokka og eru þau samofin grunnþáttum menntunar. Þeir flokkar kallast: Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Í hverjum árgangi tekur námið mið af hæfni sem ætlast er til að sé náð í lok 10. bekkjar.

Námskrá 10. bekkjar í íslensku

Námsþáttur: Talað mál, hlustun og áhorf

Hæfniviðmið. Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti:

Að nemendur geti nýtt þær aðferðir sem þeir hafa lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum.

Að nemendur geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hafi tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.

Að nemendur geti átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

Að nemendur geti nýtt sér fjölmiðla svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.

Að nemendur geti hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.

Að nemendur geti gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.

Námskrá 10. bekkjar í íslensku

Námsþáttur: Lestur og bókmenntir

Hæfniviðmið. Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti:

Að nemendur geti lesið, túlkað og metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.

Að nemendur geti beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og þekki myndmál, algengustu tákni og stílbrögð.

Að nemendur geti notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.

Að nemendur geti leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, s.s. fjölmiðla og margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess.

Að nemendur geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.

Að nemendur geti valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.

Að nemendur geti gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því.

Að nemendur geti valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.

Að nemendur geti skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.

Að nemendur geti lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.

Námskrá 10. bekkjar í íslensku

Námsþáttur: Ritun

Hæfniviðmið. Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti:

Að nemendur geti skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær.

Að nemendur geti notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.

Að nemendur geti beitt reglum um réttritun, hafi náð góðu valdi á stafsetningu og geri sér grein fyrir að stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.

Að nemendur geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og verið óhræddir við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.

Að nemendur geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.

Að nemendur geti valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.

Námskrá 10. bekkjar í íslensku

Námsþáttur: Málfræði

Hæfniviðmið. Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti:

Að nemendur geti beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.

Að nemendur geti notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og geri sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.

Að nemendur geri sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Átti sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekki til helstu framburðarmállýskna.

Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og geti nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.

Að nemendur geti áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.

Að nemendur geti áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt.

Að nemendur geti flett upp í handbókum, orðasöfnun og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.

Að nemendur geti valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, og gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur við orðmyndun og einingar orða við ritun.

Leiðir að hæfniviðmiðunum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p>Íslenskukennslu er skipt í lotur þar sem áhersla er lögð á einhvern ákveðinn þátt íslenskunnar í afmarkaðan tíma. Vinnuaðferðir eru lagaðar að einstaklingsþörfum nemenda og að þjálfar þá í vinnu með öðrum nemendum. Sérhverri lotu lýkur ýmist með könnun, ritun, verkefnaskilum eða flutningi þess efnis sem til umfjöllunar var. Áhersla er lögð á að rifja upp og auka færni nemenda í því sem búið er að leggja grunninn að frá upphafi skólagöngu. Viðbót er m.a. fólgin í kennslu í undirstöðuatriðum í bragfræði, hljóðfræði, setningafræði og orðmyndunarfræði og mjög aukinni þjálfun í meðferð talaðs og ritaðs máls. Ritun, framsögn og bókmenntir eru því stór þáttur námsins. Því eru nemendur þjálfaðir í ritun mismunandi texta allt frá sendibréfum til heimildaritgerða og flutningi eigin texta og annarra. Í bókmenntum eru nemendum kynntar ólíkar tegundir bókmennta frá ólíkum tímum. Stafsetningarkennsla í 10. bekk er að mestu leyti felld inn í ritunarþáttinn og er nemendum kennt að nota kennslugögn, svo sem stafsetningarforrit og orðabækur. Yfirmarkmið allrar íslenskukennslu er að gera nemendur að betri málnotendum. Áhersla er ávallt lögð á sjálfstæð vinnubrögð, að nemendur verði sjálfbjarga við notkun</p>	<p>Gísla saga Súrssonar. 1991. IÐNÚ, Reykjavík.</p> <p>Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2011. <i>Bragfræði fyrir unglíngastig grunnskóla</i>. Námsgagnastofnun. Kópavogi.</p> <p>Svanhildur Kr.Sverrisdóttir.2001. <i>Málfinnur</i>. Námsgagnastofnun, Reykjavík.</p> <p>Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2003. <i>Skriffinnur</i>. Námsgagnastofnun, Reykjavík.</p> <p>Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2011. <i>Hugfínnur</i>. Námsgagnastofnun, Reykjavík.</p> <p><i>Uglan og Fálkinn</i> hefti tekin saman af Önnu Kristínu Þórðardóttur og Bryndísi H. Bjartmarsdóttur.</p> <p>Yrsa Sigurðardóttir. 2017. <i>Gatið</i>. Bjartur. Reykjavík.</p> <p>Mályrkja, námsvefur.</p> <p>Lesefni valið af nemendum.</p>	<p><i>Matsþættir í íslensku taka mið af aðalnámskrá grunnskóla (2013) og leitast er við að fá sem gleggstar upplýsingar um hæfni nemenda í greininni. Íslenskunám og kennsla miðast við fjóra flokka: 1. Talað mál, hlustun og áhorf, 2. Lestur og bókmenntir, 3. Málfræði og 4. Ritun. Allt námsmat í íslensku miðast við þessa fjóra þætti og hæfniviðmið innan þeirra. Námsmat er fjölbreytt og nemendur þreyta próf og verkefni tengd hæfniviðmiðum sem falla að beinni þekkingu og hæfni til að nýta þá þekkingu sem þeir búa yfir. Verkefni eru ýmist einstaklings- para- eða hópverkefni. Að stunda námið eftir bestu getu og standa skil á verkefnum er einnig tekið inn í námsmat. Nánari upplýsingar um matsþætti má finna á námsáætlun greinarinnar á heimasíðu skólans.</i></p> <p><i>Einkunnir eru gefnar í bókstöfum í 10. bekk og miðast við matsviðmið aðalnámskrár grunnskóla við lok 10. bekkjar. Eins og áður segir eru hæfniviðmið sett fram í fjórum flokkum í íslensku og miðast allt námsmat við þá.</i></p> <p><i>Hér fyrir neðan má sjá matsviðmið aðalnámskrár grunnskóla (2013).</i></p>

orðabóka og annarra handbóka og notkun tölvuforrita, netsins og bókasafns.

Heimanám og heimalestur er þáttur í náminu og hluti af því að sem bestur árangur náist.

Heimsbókmenntir. Flokkur styttrar útgáfu af nokkrum þekktum verkum erlendra höfunda gefinn út af Námsgagnastofnun 2011-2015.

Ýmis fjölrítuð verkefni.

Orðabækur og handbækur af ýmsu tagi ásamt námsvefjum.

Einkunn	Lestur og bókmenntir
A	Lesið mjög vel og af öryggi almenna texta, með mjög góðum skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á gagnrýnninn hátt og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.
B	Lesið almenna texta, með góðum skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.
C	Lesið almenna texta, með sæmilegum skilningi og túlkun á efni þeirra, fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.
Einkunn	Ritun
A	Beitt skipulegum og mjög góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar af öryggi og á skýran hátt. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af öryggi og fylgt mjög vel viðmiðum um uppbyggingu texta.
B	Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta.
C	Beitt að vissu marki góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu sæmilega og fylgt viðmiðum um uppbyggingu texta.
Einkunn	Talað mál, hlustun og áhorf
A	Nemandi getur flutt mál sitt mjög skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað af athygli og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu. Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram á sjálfstæðan hátt rökstutt mat á viðkomandi efni.
B	Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, og notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram rökstutt mat á viðkomandi efni.
C	Nemandi getur flutt mál sitt sæmilega skýrt og nokkuð áheyrilega, með áherslum sem hæfa efni og tilefni. Hlustað og nýtt sér að nokkru leyti upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu, og notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram sæmilegt mat á viðkomandi efni.
Einkunn	Málfræði
A	Beitt mjög vel og af öryggi málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess, þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér mjög góða grein fyrir hlutverki þeirra.
B	Beitt málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess, og beitt af nokkru öryggi þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér góða grein fyrir hlutverki þeirra.
C	Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins. Beitt að nokkru leyti þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér sæmilega grein fyrir hlutverki þeirra.

*Einkunnina B+ fá þeir nemendur sem hafa náð öllum þáttum B og flestum þáttum A.
Einkunnina C+ fá þeir nemendur sem hafa náð öllum þáttum C og flestum þáttum B.
Nemendur sem ekki ná matsviðmiðum C fá einkunnina D.*